

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum á Tryggvagötu að sunnanverðu milli Ægisgötu og Norðurstígs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 30. september 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.

Böðvar Bragason.

14. júní 1990

Nr. 379

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Í Súðavíkurhreppi er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Hreppsnefnd getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

3. gr.

Allt búfjárhald og lausaganga búfjár án leyfis er bönnuð á svæðinu sem markast af Eyrardalsá að innan og að Sjónarhóli að utan. Hreppsnefnd er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með búfé um þéttbýli (Súðavík) í hreppnum.

4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o.þ.h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

5. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur í meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni hreppsnefndar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.